

Ársskýrsla Fríðuhúss fyrir árið 2016

Starfsemin

Á árinu 2016 nýttu 29 einstaklingar sér þjónustu Fríðuhúss, 21 konur og 8 karlar. Sjá frekari tölulegar upplýsingar varðandi starfsemina í meðfylgjandi skjali og þar sést líka samanburður milli ára. Það sem helst vekur athygli á liðnu ári er að meðalaldur einstaklinganna fer hækkandi og alls voru 7 einstaklingar yfir nírátt sem nýttu sér þjónustuna þetta árið. Meðalbiðtími eftir innskrift hefur einnig lengst töluvert milli ára.

Seinni partinn í maímánuði fékkst tímabundið leyfi fyrir einn einstakling í viðbót til að auðvelda fráflæðisvandamál Landspítalans. Er þá tímabundið leyfi fyrir 18 einstaklinga í Fríðuhúsi.

Eins og áður hefur verið unnið eftir markmiðum dagþjálfunar Fríðuhúss og lögð áhersla á að styrkja og efla einstaklinginn samhliða því að veita honum öryggi og vellíðan. Reynt er að hafa starfið sem fjölbreytilegast til að höfða til sem flestra. Einnig veitum við fjölskyldum skjólstæðingana mikinn stuðning í formi viðtala, fjölskyldufunda og bjóðum upp á aðstandendakynningar. Hér hefur verið mótað gott starf gegnum árin og skjólstæðingar og aðstandendur hafa sem fyrr verið mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir hafa fengið.

Haldin var tónlistarsmiðja í byrjun apríl á vegum Listháskóla Íslands. Var þetta tilraunarverkefni sem unnið var sameiginlega af 5 tónlistarháskólum í Evrópu og er liður í að þróa þekkingu og námsefni fyrir skapandi tónlistarmenn til að stýra tónlistarsmiðju fyrir fólk með heilabilun, umönnunaraðila og aðstandendur. Þetta heppnaðist afar vel og vonandi verður áframhaldandi samstarf við Listaháskólann í þessum efnunum.

Fríðuhús hélt þetta árið upp á 15 ára afmæli starfseminnar. Haldin var námstefna ásamt dagþjálfuninum í Drafnarhúsi, Vitatorgi og Hlíðabæ sem einnig voru að halda upp á starfssemisafmæli. Námsstefnan var vel sótt og þar voru haldin góð erindi og starfsemin einnig kynnt með veggspjaldakynningu.

Starfsmenn

Á árinu hættu þrjú starfsmenn. Þroskaþjálfari sem var í 100% vinnu hætti í ársbyrjun og tveir ófaglærðir starfsmenn sem voru í samanlagt 90% vinnu hættu á sumarmánuðum. Sjúkraliði er búin að vera í langvarandi veikindaleyfi frá byrjun júní. Í árslok starfa hér þá 7 starfsmenn. Hjúkrunarfræðingur í 100% starfi, Þroskaþjálfari í 80% , 2 sjúkraliðar í 100% starfi (annar í veikindaleyfi) og 3 ófaglærðir í samtals 2,3 stöðugildum. Í heildina gera þetta 6,1 stöðugildi. Tveir starfsmenn , ófaglærðir hafa verið í 10% námsleyfi hvor og er annar í félagsliðanámi og hinn í sjúkraliðanámi.

Veikindadagar starfsfólks samanlagt yfir árið 2016 voru 197 dagar en eins og áður er getið er einn starfsmaður búinn að vera frá vinnu síðan í byrjun júní og hækkar þessa tölu talsvert. Fjarvistardagar starfsmanna vegna veikinda barna voru 24 þetta árið.

Starfsmenn fóru í sameiginlega skemmtiferð til Edinborgar yfir eina helgi í vor og héldu árshátíð þar.

Starfsmenn hússins hafa sótt ýmsa fræðslu sem hefur verið í boði og allir starfsmenn fóru á málþing á vegum heilabilunareiningu LSH. Starfsdagarnir hafa verið nýttir í fræðslu auk þess sem starfsfólk hefur heimsótt aðra staði til endurskipulagningu á starfinu.

Tveir starfsmenn fóru á ráðstefnu á vegum Alzheimer Europe sem haldin var í Kaupmannahöfn í byrjun nóvember. Forstöðumaður var þar ásamt forstöðumönnum Drafnarhúss og Maríuhúss með poster þar sem starfsemi sérhæfða dagþjálfana á Íslandi voru kynntar.

Utanaðkomandi þjónusta

Læknisþjónusta fyrir skjólstæðinganna hefur verið sinnt frá Landakoti og hefur Björn Einarsson, öldrunarlæknir séð um hana en Jón Snædal leyst hann af í fríum. Læknir kemur í húsið x 1 í viku og höfum við aðgang að honum gegnum síma þess á milli.

Þrif: Hreingerningarfyrirtækið Hreint sá um þrifin hér í Fríðuhúsi og kom x 2 í viku. Skipt var um hreingerningarfyrirtæki á árinu og sér Sólar nú um þrifin og kemur x 3 í viku. Almenn ánægja er nú með þrifin.

Matur: Hádegismatur hefur verið keyptur frá Matborðinu en starfsmenn hússins hafa séð um morgunmat og miðdegiskaffi.

Akstursþjónusta: Ferðaþjónusta Þórunnar hefur séð um akstursþjónustuna. Flestir nýta sér þessa þjónustu (76%) en þó keyra sumir aðstandendur sína hingað.

Fótaðgerðarfræðingur kemur á 6 – 7 vikna fresti og gefst skjólstæðingum kostur á að nýta sér þjónustu hennar en þeir borga sjálfir fyrir þá þjónustu

Hárgreiðslukona kemur x 1 í viku og gefst skjólstæðingum kostur á að nýta sér þjónustu hennar en greiða sjálfir fyrir þá þjónustu.

Sjúkrabjálfi kemur x 4 í viku og hefur sinnt 8 skjólstæðingum í heimasjúkrabjálfun sem greidd er af Tryggingarstofnun

Nemar

Hjúkrunarfræðinemar af þriðja ári í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands komu hingað í kynningu bæði á haustönn og vorönn. Einnig komu nemar af félagsliðabraut frá Borgarholtsskóla í kynningu. Töluvert hefur einnig verið um heimsóknir fagfólks frá hinum ýmsu stöðum til að kynna sér starfsemina hér.

Húsnæði

Dagbjálfunin leigir húsnæðið hér við Austurbrún af Alzheimersamtökunum.

Gjafir

Einn skjólstæðingur gefur okkur áskrift af Morgunblaðinu sem nýtist skjólstæðingunum vel til afþreyingar.

Framtíðarsýn

Áhugi hefur vaknað fyrir því að veita heimahjúkrun á morgnanna, virka daga út frá Fríðuhúsi og verið er að kynna þá hugmyndafræði út á við.

Búið er að fá leyfi frá Reykjavíkurborg fyrir að hafa hænur í Fríðuhúsi og nú liggur fyrir að hanna hæsnakofa og fylgja þessu verkefni áfram.

Reykjavík 1. mars 2017

Sigríður Lóa Rúnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Forstöðumaður Fríðuhúss

Tölulegar upplýsingar um starfsemi Fríðuhúss fyrir árin 2013 - 2016

	2016	%	2015	%	2014	%	2013	%
Fjöldi skjólstæðinga	29		35		29		29	
Innskiftir	9		14		11		12	
Útskriftir	6		16		7		11	
Meðal biðtími eftir innskrift	11,6 mán		6,6 mán		4,7 mán		8,8 mán	
Meðaldvalartími útskrifaðra	20,4 mán*		21,3 mán*		18,3 mán*		32,7 mán	
mest	31,9 mán		88 mán		58 mán			
minnst	8,6 mán		3 mán		2,5 mán			
Meðalaldur	83,5 ár		81,3 ár		82 ár		78 ár	
aldursbil	(69-96 ár)		(65-95 ár)		(64-94 ár)		(58-93 ár)	
Konur	21	76%	24	69%	20	69%	18	62%
Karlar	8	28%	11	31%	9	31%	11	38%
Búa einir	12	41%	12	34%	8	28%	9	31%
Búa með maka	12	41%						
Búa í sama húsi og börn	5	18%						
Fá heimaþjónustu(hjúkrun og/eða félagslega þjónustu)								
eða félagslega þjónustu)	22	76%	28	80%	20	69%	22	76%
Aðstoð við böðun	18	62%	24	69%	20	69%		
Aðstoð við lyfjagjafir	13	45%	15	43%	8	28%		
Fóru í hvíldarinnlögn	7 einst		10		9		12	
samtals daga	157		238		443		406	
Notfæra sér akstursþjónustu	22	76%	28	80%	21	72%		
Fengu Færni og heilsumat	8	28%	10		5		8	
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	4 mán		3,5 mán		3,8 mán		3 mán	
mest	10,4		10,2 mán		10,8 mán		7,8 mán	
minnst	0		8 dagar		1,4 mán		6 dagar	
Sjúkrahúsinnlagnir	8 einst		7 einst		4 einst		7 einst.	
samtals daga	223		206		123		186	
Útskrift	6		16		7		11	
Hjúkrunarheimili	3		8		4		9	
Foldabæ			2		1			
Sjúkrahús	3		5		1		2	
Andlát			1					
Heim					1			

- Meðaldvalartími reiknað út frá þeim sem voru tvo mánuði eða lengur

